

Ed. **284. Frumvarp til laga** [122. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun tekjuskatts árið 1959 af tekjum ársins 1958 skal veita sérstaka lækkun á tekjuskatti öllum hjónum, sem hafa 2 börn á framfæri og undir 55500 kr. í hreinar tekjur. Hjá þessum hjónum, er hafa 54500 kr. hreinar tekjur eða lægri, skal lækkunin nema 50%. Nemi tekjurnar yfir 54500 kr., skal lækkunin vera 47½% á tekjuskatti af 54550 kr. hreinum tekjum og minnka þannig áfram um 2½% við hverjar 50 kr., sem tekjur fara yfir 54550 kr., og hverfa við 55500 kr. hreinar tekjur.

Eftir sömu reglu skal lækka tekjuskatt allra annarra hjóna svo og einstaklinga, sem greiða ættu sama tekjuskatt eða lægri en áðurgreind hjón, ef þau nytu ekki áðurgreindrar skattlækkunar.

Framangreind skattlækkun skal einnig gilda við ákvörðun gjaldársgjalda á árinu 1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frv. þessu er lagt til að framlengd verði um eitt ár ákvæði þau um sérstaka lækkun skatta á lágtekjum, er felast í 12. gr. laga nr. 36 1958 um breyting á lögum nr. 46 1954 um tekjuskatt og eignarskatt.